


Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 21. desember 2010

Tilvísun: 2010121114PS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987, 50/1988 og 94/1996

Persónuvernd vísar til tölvubréfs félags- og tryggingamálanefndar Alþingis frá 30. nóvember 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (pskj. 231, 210. mál á 139. löggjafarþingi). Í frumvarpinu er lagt til að tollstjóri fái heimild til kyrrsetningar í málum varðandi greiðslu opinberra gjalda þar sem grunur er uppi um refsiverða háttsemi. Þá er að finna ákvæði um heimildir tollstjóra til aðgangs að gögnum vegna slíkra mála. Í ákvæðunum er vísað til fyrirbyggjandi ákvæða í lögnum um aðgang að gögnum. Þar er nánar tiltekið um að ræða heimildir til handa ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra til slíks aðgangs. Kemur fram í umræddum, fyrirbyggjandi ákvæðum að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri geta óskað dómsúrskurðar ef upp kemur ágreiningur um aðgang.

Í umræddu frumvarpi er ekki að finna ákvæði um hvernig leyst skuli úr ágreiningi sem upp kynni að koma vegna aðgangs tollstjóra að gögnum. Persónuvernd bendir á að hér má líta til reglna um aðgang ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra. Yrði sú leið farin mætti gera eftirfarandi viðbætur við frumvarpið:

1. Í 1. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að 32. gr. a í lögum nr. 45/1987. Aftast í 2. mgr. tillögunnar yrði bætt við eftirfarandi orðum: „Um ágreining um aðgang að gögnum fer samkvæmt 4. mgr. 25. gr.“

2. Í 2. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að 41. gr. a í lögum nr. 55/1988. Aftast í 2. mgr. tillögunnar yrði bætt við eftirfarandi orðum: „Um ágreining um aðgang að gögnum fer samkvæmt 5. mgr. 38. gr.“
3. Í 3. gr. frumvarpsins er að finna tillögu að 20. gr. a í lögum nr. 94/1996. Aftast í 2. mgr. tillögunnar yrði bætt við eftirfarandi orðum: „Um ágreining um aðgang að gögnum fer samkvæmt 4. mgr. 15. gr.“

Virðingarfyllt



Þórður Sveinsson